



Til: kristjan.geirsson@os.is, harpa.petursdottir@os.is  
Efni: Umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um rúmlega 1 MW Spýtu  
Laugardal, Tálknafirði  
Upplýsingar: Sent: 07-05-2019 09:30:57 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019040034, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2019040034

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um rúmlega 1 MW Spýtuvirkjunar í Laugardal, Tálknafirði.

Laugardalur virðist að mestu ósnortinn og t.d. virðast ekki vera neinir vegir eða slóðar í dalnum af loftmyndum að dæma. Hér er um að ræða litla virkjun en engu að síður, ef af verður, mikla breytingu á svæði sem virðist ósnortið fyrir utan hefðbundnar nýttjar í landbúnaði. Þó um sé að ræða mjög litla virkjun, með ákvæðinni óvissu um stærð, þá telur Náttúrufræðistofnun að almennt eigi að líta til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar vegna orkurannsókna fyrir minni virkjanir og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki framkvæmdaleyfissskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar almennt brjóti ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. ákvæða um akstur utan vega o.fl.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að veitt sé rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar Spýtuvirkjunar en þá m.a. með þeim skilyrðum að ekki verði heimilt að leggja vegi eða slóða eða fara í annað jarðrask eins og reyndar kemur fram í leyfisumsókn þar sem segir: „Engar jarðvegsframkvæmdir eru fyrirhugaðar á rannsóknartímabilinu.”

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

